Samfylkingin

Kópavogi, 10. nóvember 2026

Fyrirspurn um stöðu starfshóps um áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi 2026–2030

Menntaráð samþykkti 18. ágúst 2026 tillögu um greiningu og áætlun um notkun snjalltækja í skóla- og frístundastarfi. Samkvæmt verkáætlun átti að skipa starfshóp í ágúst–september 2026. Óskað er svara við eftirfarandi:

i) Hvers vegna hefur ekki verið skipað í starfshópinn og hvenær verður það gert?

ii) Hefur stöðugreining og samráð, sem átti að fara fram í september–október 2026, farið fram? Ef svo er, hverjar eru helstu niðurstöður?

iii) Var metið hvort niðurstöðurnar kalli á breyttar forsendur fjárhagsáætlunar 2027, eins og verkáætlun gerir ráð fyrir?

iv) Hver er núverandi fjöldi snjalltækja í grunnskólum eftir árgöngum og aldursstigum, og hvaða endurnýjun og kaup á tækjum eru fyrirhuguð samkvæmt fjárhagsáætlun 2027?

v) Hvernig verður tryggt að áætlunin verði samþykkt vorið 2027 í ljósi tafanna?

Óskað er eftir skriflegu svari fyrir næsta fund bæjarráðs.

Jónas Már Torfason
Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026